

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Þórshafnarhreppi á árinu 1993.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Þórshafnarhreppi, sbr. 2. gr. c staflíð samþykktar frá 15. maí 1991 skal vera kr. 5 700,00 á árinu 1993. Gjaldið greiðist fyrir fram á gjalddaga 1. júní 1993. Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktar frá 15. maí 1991 skal vera kr. 2 350 í fyrsta skipti, kr. 4 700 í annað skipti og kr. 7 050 í þriðja skipti.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

Nr. 146

REIKNINGUR

Tryggingasjóðs viðskiptabanka fyrir árið 1992.

Rekstrarreikningur 1. janúar – 31. desember 1992.

Tekjur:

Árgjöld viðskiptabanka	117 997 405
Verðbætur og vextir af verðbréfum	118 240 251
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	46 837
	<hr/>
Tekjur alls	236 284 493

Gjöld:

Stjórnarlaun	1 381 553
Annar rekstrarkostnaður	200 000
Verðbreytingagjöld	16 812 053
	<hr/>
Gjöld alls	18 812 053

Hreinar tekjur 217 890 887

Efnahagsreikningur 31. desember 1992.**Eignir:**

Innstæða í Seðlabanka Íslands	403 858
Verðbréf	1 309 129 316
	<hr/>
	1 309 533 174

Skuldir:

Ógreiddur kostnaður	200 000
	<hr/>
	200 000

Eigið fé:

Frá fyrra ári	1 074 630 234
Hreinar tekjur skv. rekstrarreikningi	217 890 887
Verðbreytingagjöld	16 812 053
	<hr/>
	1 309 333 174

Áritun endurskoðenda

Ársreikning þennan fyrir Tryggingasjóð viðskiptabanka höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1992, efnahagsreikningi 31. desember 1992, ásamt skýringum. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir sem nauðsynlegar þóttu.

Að okkar áliti gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag sjóðsins fyrir árið 1992.

Reykjavík, 16. mars 1993.

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

Áritun stjórnar

Reykjavík, 17. mars 1993,

Jón Ögmundur Þormóðsson.
(varaformaður)

Ólafur Örn Ingólfsson.

Valur Valsson.

Stefán Pálsson.

Staðfesting viðskiptaráðherra
Viðskiptaráðuneytið, 22. mars 1992.

Jón Sigurðsson.